

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 8. júní 2022
UST202204-188/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Endurskoðun á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2032

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í greinargerð kemur m.a. fram að megináherslur bæjarstjórnar eru að tryggja að þau lífsgæði sem felast í umhverfinu skerðist ekki fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

Flokkar friðlýstra svæða

Í kafla 7.1 í greinargerð er talið upp hvað telst til friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að auk þeirra flokka sem taldir eru upp í greinargerðinni teljast fólkvangar, friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar og friðlýsing heilla vatnakerfa til friðlýstra svæða. Yfirfara þarf því þennan kafla.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð tillögunnar á bls. 76 segir að mörk verndarsvæða á náttúruminjaskrá séu sýnd á skipulagsuppdraetti og voru gróflega dregin inn fyrir margt löngu. Afmörkun svæðanna er því takmörkunum háð og krefst nánari skoðunar á t.d. deiliskipulagsstigi. Auk þess segir á bls. 74 að stefna sveitarfélagsins sé að vinna að réttri afmörkun verndarsvæða, t.d. svæða á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur til bóta að sveitarfélagið lagfærir afmörkun verndarsvæða í samræmi við upplýsingar Umhverfisstofnunar og friðlýsingarskilmála. Stofnunin bendir hins vegar á að það er ekki hlutverk sveitarfélagsins að afmarka eða breyta afmörkun svæða á náttúruminjaskrá, t.d. á deiliskipulagsstigi, heldur er það hlutverk umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samræmi við ákvæði VI. kafla náttúruverndarlaga.

Náttúruverndarsvæði

Í forsendukafla á bls. 65 segir að í sveitarfélaginu séu tvö náttúruverndarsvæði og tíu svæði á náttúruminjaskrá. Þá liggur fyrir tillaga Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar um frekari verndun. Annars vegar að Grændalur/- Reykjadalur og svæðið þar umhverfis verði gert að friðlandi. Hins vegar er gerð tillaga um að Eldvörpin vestan Lambafells og hraunin umhverfis þau verði skilgreind sem náttúruvætti en svæðið er nú þegar á náttúruminjaskrá (nr. 753).

Umhverfisstofnun telur þessa málsgrein óljósa og mikilvægt er að sveitarfélagið yfirfari hana og leiðrétti.

Í forsendum tillögunnar á bls. 55 og í greinargerð á bls. 75 segir að svæði sem falla undir A-hluta náttúruminjaskrár og hafa verið friðlýst skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að réttara er að segja að svæðin séu friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum, þar sem svæðin voru friðlýst samkvæmt eldri lögum, þ.e. þeim náttúruverndarlögum sem voru í gildi á þeim tíma sem friðlýsingin var unnin.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur umsjón með svæðum á náttúruminjaskrá, gerir tillögu að friðlýsingu svæða og vinnur stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði.

Á bls. 76 þar sem fjallað er um umsagnarskyldu á svæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, bendir Umhverfisstofnun á að einnig þarf að leita umsagnar viðkomandi náttúruverndarnefnda.

Umhverfisstofnun bendir á að FS2 Bláfjöll í greinargerð er merkt sem FS1 á skýringarupprætti IV og á aðalskipulagsupprætti.

Friðaðar tegundir

Í greinargerð á bls. 15 segir að á háhitasvæðum sé mikið um hitakærar plöntur, svo sem laugadeplu, laugabrúðu og blákollu, einnig finnist þar naðurtunga sem er á valista.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna eru laugadepla og naðurtunga friðaðar og njóta verndar í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun æðplantna, þ.m.t. naðurtungu, eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra plantna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð.

Svæði á náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að deiliskipulagstillögur innan friðlýstra svæða séu unnar í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem stofnunin annast umsjón og rekstur á friðlýstum svæðum og veitir almennt leyfi til framkvæmda á þeim. Skipulagstillögur skulu ávallt vera í samræmi við friðlýsingarskilmála friðlýstra svæða. Auk þess skal ávallt leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan friðlýstra svæða.

Auk þess bendir stofnunin á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

Rammaáætlun

Umhverfisstofnun bendir á að Hengilssvæðið, þ.e. Grændalur og Bitra eru í verndarflokki rammaáætlunar sbr. þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 13/141² og mikilvægt er að það komi fram í tillögunni.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Í forsendum tillögunnar kemur fram að þá liggur fyrir tillaga Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar um frekari verndun. Annars vegar að Grændalur/- Reykjadalur og svæðið þar umhverfis verði gert að friðlandi. Hins vegar er gerð tillaga um að Eldvörpin vestan Lambafells og hraunin umhverfis þau verði skilgreind sem náttúruvætti en svæðið er nú þegar á náttúruminjaskrá (nr. 753).

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði í tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og má t.d. nefna Selvog, Hengladali, Grændal og Ölfusforir – Ölfusárós.

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Votlendi

Í greinargerð segir að útfæra eigi betur umhverfispætti s.s. verndun votlendis og kolefnisjöfnun sveitarfélagsins og hvernig best verði staðið að markmiðum um umhverfisvernd og lýðheilsu. Í meginmarkmiðum á bls. 11 segir að marka eigi stefnu um losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með aukinni skógrækt og endurheimt votlendis og í stefnu sveitarfélagsins segir á bls. 74 að endurheimta eigi votlendi þar sem því verður við komið. Ekki kemur fram í tillögunni hvaða svæði um ræðir eða hvernig stefnan verði útfærð. Hins vegar bendir stofnunin á að stór hluti landbúnaðarlands sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá en það svæði nefnist Varmá og Ölfusforir en að mati stofnunarinnar

² <https://www.althingi.is/alttext/141/s/0892.html>

felast fjölmörg tækifæri þar til endurheimtar votlendis. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar um endurheimt votlendis.³

Í stefnu sveitarfélagsins, um byggð og atvinnu í dreifbýli á bls. 40, segir að votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd verði almennt ekki raskað nema nauðsyn komi til, s.s. vegna samgöngumannvirkja eða framræslu ræktunarlands. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki mið af ákvæðum náttúruverndarlaga og sett sé sú stefna að ávallt sé valin veglína/vegstæði sem rýri ekki eða raski votlendi og náttúruminum. Umhverfisstofnun bendir á að í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er lögð áhersla á verndun og endurheimt votlendis.⁴

Þéttbýli

Í meginmarkmiðum tillögunnar segir að tryggja eigi umhverfisvernd viðkvæmra svæða, m.a. með bættu skipulagi. Í stefnu tillögunnar varðandi íbúðarbyggð segir að yfirbragð byggðarinnar taki mið af umhverfi sínu og núverandi byggð og í almennum skilmálum segir að við gerð deiliskipulags verði tekið á yfirbragði og ásýnd byggðar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að innan þéttbýlis séu jarðminjar kortlagðar og svæðið hannað með þeim hætti að götur, lóðir, göngustígar, leiksvæði og byggingarreitir séu staðsettir með tilliti til minjanna. Þetta hefur ekki verið gert hingað til nema að litlu leyti að mati stofnunarinnar. Því þarf að koma fram skýr stefna í tillögunni hvernig hugað sé að vernd jarðminja í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þéttbýlis Þorlákshafnar.

Skógrækt

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og síðari breytingum er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.*“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins.

Umhverfisstofnun bendir á að afmörkun skóg- og uppgræðslusvæðis fyrir Lyklafell (SL2) nær inn á Svínahraun. Umhverfisstofnun telur að skógrækt í hrauninu, sem hefur hátt verndargildi, muni hafa neikvæð áhrif á jarðminjarnar, en hraunin falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Afmörkun svæðisins (SL2) á uppdrætti er að mati stofnunarinnar ekki í samræmi við stefnu og almenna skilmála tillögunnar, þar sem segir (bls. 47) að skógrækt verði ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja, sbr. lög um náttúruvernd og lög um menningarminjar.

Mikilvægt er að afmarka skógræktarsvæðið á þann hátt að það sé ekki innan hraunasvæðanna og sé vel frá hraunjaðrinum.

³ https://skipulag.eplica.is/media/pdf-skjol/Um_endurheimt_votlendis.pdf

⁴ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>

Fráveita

Á bls. 40 í greinargerð vantar endi á setninguna „Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður...“.

Í greinargerð í kafla 6 um Veitur er talað um „viðurkenndar fráveitur“ en ekki er ljóst við hvað er átt og skýrara væri að tala um að fráveitur skuli uppfylla kröfur um hreinsun í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þá kemur fram í kafla 6.3 að „viðurkenndar fráveitur eru við nær alla bæi í dreifbýlinu og flest frístundahús.“ Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 3. mgr. 13. gr. í reglugerð um fráveitur og skólp skulu einstaka hús, sem ekki eru tengd fráveitukerfi sveitarfélags, vera með tveggja þrepa hreinsun (rotþró og siturbeð/annars konar hreinsivirki). Rotþró ein og sér er ekki fullnægjandi hreinsun eins og er ennþá víða um land. Í kafla 7.5.4 er vísað í að öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkenndar rotþrær en slíkt er ekki fullnægjandi hreinsun og ætti frekar að vísa í að öll einstaka hús í sveitarfélaginu hreinsi skólp með tveggja þrepa hreinsun og í þéttbýlinu verði eins þreps hreinsun.

Í kafla 6.3 í greinargerð mætti skýra frekar þessa setningu „sveitarfélagið sér um hreinsun þeirra“. Er hér átt við tæmingu á rotþró og hreinsivirkjum? Þess má geta að skv. lögum nr. 9/2009 (10. mgr. 4. gr.) getur sveitarfélag sett fram fráveitusamþykkt til að kveða nánar á um fyrirkomulag fráveitumála í sveitarfélaginu ef hún er ekki þegar fyrir hendi. Einnig kemur fram „að fundinn verði nýr losunarstaður fyrir seyru“ en ekki er gerð grein fyrir hvar sá losunarstaður er í dag og hverjar framtíðaráætlanirnar séu. Umhverfisstofnun vekur athygli á að stutt er í bann við urðun lífræns úrgangs og því er mikilvægt að sveitarfélagið skoði leiðir til nýtingar á seyrunni, t.d. til landgræðslu í stað urðunar.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að í endurskoðun aðalskipulagsins er ekki gert ráð fyrir hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu Þorlákshöfn né er þar farið yfir stöðu mála. Í aðalskipulaginu þarf að gera ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu. Reglugerð nr. 798/1999 setur fram kröfur um hreinsun á fráveituvatni og eru þar settir fram frestir til að hreinsa skólp frá þéttbýli. Í tilviki Þorlákshafnar var sá frestur árið 2005 og því mikilvægt að slá ekki mikilvægum umhverfisumbótum enn frekar á frest.

Samkvæmt stöðuskýrslu um fráveitumál árið 2020 losar þéttbýlið Þorlákshöfn 17.455 persónueiningar af skólpi (íbúar, gestir og atvinnulíf) og skal því samkvæmt ákvæði í 2. mgr. 20. gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hreinsa skólp með eins þreps hreinsun. Samkvæmt skilgreiningu í 14. mgr. 3. gr. felst í því hreinsun á BOD (20%) og svifögnum (50%).

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu. Slíkt er ekki í samræmi við kröfur laga og veldur auk þess mikilli umhverfismengun. Í fráveituvatni í dag er ekki eingöngu lífrænt efni heldur einnig t.d. rusl, lyfjaleifar og örplast og því gríðarlega mikilvægt að gera úrbætur sem fyrst. Gera má ráð fyrir að um 0,5-2 kg af rusli fari út í sjó frá hverjum íbúa eða 0,9-3,5 tonn af rusli á hverju ári (áætlað miðað við tölur frá öðru þéttbýli). Umhverfisáhrif vegna losunar á óhreinsuðu skólpi frá þéttbýlinu Þorlákshöfn metur Umhverfisstofnun nokkuð mikil, en ekkert er fjallað um það í umhverfismatinu.

Varðandi umhverfisþáttinn Land og vatnafar (tafla 19 í Forsendum og umhverfisskýrslu) bendir Umhverfisstofnun á að hér ætti að bæta við umfjöllun um heimsmarkmið 6 sem snúa að verndun vatns og vatnsgæða og tryggja fullnægjandi fráveituhreinsun.

Samhliða uppbyggingu í sveitarfélaginu og úrbótum á eldri fráveitukerfum er mikilvægt að aðskilja regn- og skólþvatn til að minnka umfang fráveitunnar. Því telur Umhverfisstofnun jákvætt að sjá áætlanir um blágrænar ofanvatnslausnir í skipulaginu.

Vatnamál

Umhverfisstofnun vekur athygli á að uppfæra má texta í kafla 7.5.4 í greinargerð sem varðar verndarsvæði (heiti kafla passar þá ekki lengur við innihald). Fyrsta vatnaáætlun Íslands hefur verið gefin út og var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Þess má geta að vatnaáætlun tekur yfir þann hluta um flokkun vatns eins og skilgreint er í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Uppfæra þarf texta í kafla 7.5.4 í samræmi við það. Umhverfisstofnun bendir á að búið er að afmarka og skilgreina vatn í vatnshlot um allt land.

Allmörg vatnshlot hafa verið afmörkuð og álagsmetin í landi Ölfuss og þau sem hafa verið metin með álag eru eftirfarandi:

- 103-1341-C Stokkseyri að Þorlákshöfn (strandsjávarhlot) en álag á vatnshlotið er losun á óhreinsuðu skólpi frá Þorlákshöfn, fiskvinnsla í þéttbýli og fiskeldi.

Grunnvatnshlotin eru allnokkur á svæðinu en Umhverfisstofnun vekur sérstaklega athygli á þeim sem talin eru upp í [skýrslu Veðurstofu Íslands](#) yfir grunnvatnshlot með grunnvatnstöku stærri eða jafnt og 0,5 l/s/km² og því undir líklegu álagi vegna vatnstöku (tafla 4).

- 103-195-G Ölfusstraumur 1 - Vatnstaka mikil. Vatnsstöðu þarf að mæla í rauntíma. Byggja þarf á líkönum til þess að meta framtíðarnýtingu.
- 103-202-G Ölfusstraumur Forir - Vatnstaka mikil. Vatnsstöðu þarf að mæla í rauntíma. Byggja þarf á líkönum til þess að meta framtíðarnýtingu.
- 103-260-G Ölfusstraumur Ingólfsfjall - Vatnstaka talsverð, vakta þarf magnstöðu í rauntíma.
- 104-305-G Lyngdalsheiði - Vatnstaka mikil, þarf að vakta magnstöðu í rauntíma. Byggja þarf á líkönum til þess að meta framtíðarnýtingu.

Tvö straumvatnshlot hafa verið skilgreind undir álagi:

- 103-792-R Varmá – álag vegna skólplösunar frá Hveragerði og fiskeldi sem losa í læki og skurði sem sameinast svo Varmá.
- 103-975-R Ölfusá 1 – álag vegna losunar á óhreinsuðu skólpi frá Selfossi og mögulega Árbæjarhverfi og sorpurðun að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi.

Umhverfisstofnun bendir á að grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hugsanlegt er að jarðsjótaka geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfisskyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort jarðsjótaka hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Töluvert er um fiskeldi og fyrirhugaða uppbyggingu fiskeldis í sveitarfélaginu en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoða samlegðaráhrif þeirra í tengslum við álag á vatnsauðlindina enda gríðarlega vatnsfrekur iðnaður. Í kafla 3.3.1 í skýrslu um forsendur og umhverfismat, mætti gera skýrari grein fyrir núverandi ársframleiðslu eldisfisks og áætlaðri framtíðaraukningu sveitarfélagsins, þ.e. 30.000 tonna framleiðsla í dag en hver er framtíðar aukningin? Er það 170.000 tonn miðað við hreinsun og endurnýtingu á vatni í eldisstöðvum? Vatnstaka, t.d. í fiskeldi, er að verða víða ansi mikil og það þarf að skoða vatnstökuna í raun í stærra samhengi, ekki síst m.t.t. þess álags sem vísað hefur verið til hér að ofan. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skal sveitarfélag fylgjast með því að ástand vatnshlota versni ekki. Jafnframt ber aðilum með mengandi starfsemi skylda til að vakta og fylgjast með eigin áhrifum og draga úr álagi og mengun.

Gera þarf lagfæringar á kafla um heitt og kalt vatn í kafla 4.1.11 í greinargerð en þar segir „*Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.*“ Í 12. gr. reglugerðarinnar kemur fram að heilbrigðisnefndir hafa ekki reglubundið eftirlit eða framkvæma heildarúttekt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum nema þær þjóni matvælafyrirtækjum. Í þessu felst að ekki er haft eftirlit með gæðum vatns þar sem vatnstaka er svo lítil. Boranir eftir vatni eru aftur á móti tilkynningarskyldar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í 14. gr. laganna kemur fram: „*Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt ... 1) að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.*“ Tilkynna skal því um boranir til Orkustofnunar.

Auk þess er í kaflanum um heitt og kalt vatn í kafla 4.1.11 vísað í texta um útlit og ásynd bygginga í kafla 2.1.1 sem er ekki til í greinargerðinni.

Stakar framkvæmdir

Umhverfisstofnun bendir á að litlar virkjanir geta haft veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér líkt og vatnsaflsvirkjanir þar sem rask vegna framkvæmda getur verið mikið þó svo að umfang virkjunar sé talið lítið. Í því felst að gert sé ráð fyrir stíflu, miðlunarlóni, lögnum, vegagerð og stöðvarhúsi sem mikilvægt er að sjá sem eina samþætta framkvæmd að mati stofnunarinnar. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skoða ekki einungis stærð, afl og umfang virkjana heldur einnig umhverfisáhrif á ólíkum svæðum með mismunandi verndargildi.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti endurheimt votlendis að falla undir stakar framkvæmdir.

Vindorka

Í forsendum á bls. 55 er fjallað um svæði sem henta ekki til vindorku. Um er að ræða svæði sem falla undir A-hluta náttúruminjasrár og hafa verið friðlýst skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og önnur svæði sem njóta verndar skv. sérlögum. Innan Ölfuss eru fjögur friðlýst svæði, þ.e. Reykjanesfólkvangur, Herdísarvík, Brennisteinsfjöll og Árnahellir í Leitarhrauni. Brennisteinsfjöll hafa verið friðlýst fyrir orkuvinnslu með jarðvarma með uppsett afl 50 MW eða meira. Öll Ramsar-svæði á Íslandi hafa verið friðlýst.

Umhverfisstofnun bendir á að Reykjanesfólkvangur er fyrir utan sveitarfélagsmörkin en tekur undir að vindmyllur muni hafa áhrif á fólkvanginn. Í þessari upptalningu þarf einnig að nefna Bláfjallafólkvang.

Varðandi uppbyggingu vindorkuvera á svæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga er mikilvægt að vísað sé til ákvæða laganna.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Tekið er fram að fuglalíf er einn af helstu áhrifaþáttum sem líta þarf til við uppbyggingu vindorkuvera og að NÍ hafi kortlagt mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvæg fuglasvæði⁵ eru ekki einungis mikilvæg á landsvísu, heldur eru svæðin alþjóðlega mikilvæg.⁶

Umhverfisstofnun leggst gegn því að stakar vindmyllur, sem eru að jafnaði 20 m háar, megi mögulega vera á og við verndarsvæði þar sem vindmyllur geta skert ásýnd og verndargildi svæðisins og upplifun gesta sem það heimsækir.

Í leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar, sem nefnist *Um skipulag og vindorkunýtingu*,⁷ segir að í allt að 16 km fjarlægð séu stórar vindmyllur mjög áberandi og geti verið ráðandi í landslagi.

⁵ <http://www.ni.is/node/16184>

⁶ <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>

⁷ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-og-vindorkunyingu.pdf>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um umhverfisáhrif vindorkuvera á ferðamennsku og efnisþörf og hvernig förgun og frágangi verði háttað á vindrafstöðvum að líftíma loknum.

Úrgangur

Á bls. 40 í forsendum skipulagsins segir að Sveitarfélagið Ölfus sé aðili að Sorpstöð Suðurlands sem er byggðasamlag flestra sveitarfélaga á Suðurlandi. Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem er samstarfsverkefni SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. Stefna um sorpförgun er háð útfærslu skv. svæðis- og landsáætlanagerð um meðhöndlun úrgangs og skal framfylgd sorpförgunar vera í samræmi við þær áætlanir. Að mati Umhverfisstofnunar er lítið fjallað um úrgangsmál í skipulagstillögunni með beinum hætti og úr því þarf að bæta. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð er aðeins fjallað um sorpförgun en stofnunin telur að betra væri að fjalla heildstætt um stefnu í úrgangsmálum sveitarfélagsins, þ.e. úrgangsforvarnir sem og úrgangsmeðhöndlun eftir forgangsöröðun þar sem lögð er áhersla á endurvinnslu og aðra endurnýtingu fremur en förgun.

Umhverfisstofnun bendir á að í júní 2021 gaf umhverfisráðherra út nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, sem kemur í stað Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Mikilvægt er að líta til þeirrar stefnu og ábyrgð sveitarstjórna við gerð aðalskipulags að mati Umhverfisstofnunar. Í greinargerð kemur fram að fundinn verði nýr losunarstaður fyrir seyru úr rotþróum á skipulagstímabilinu. Umhverfisstofnun bendir á að með aðgerð 16 í stefnu ráðherra er stefnt að því að óheimilt sé að urða lífbrjótanlegan úrgang frá árinu 2024.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 104/2021 um breytingu á m.a. lögum um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á ofangreindri stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Meðal annars verður sveitarfélögum skylt að koma sér upp sérstakri söfnun og flokkun á nokkrum tegundum heimilisúrgangs. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappi, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum. Rekstraraðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar og niðurrifsúrgang. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins í úrgangsmálum samræmist stefnu ráðherra og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum.

Varúðarsvæði - Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum sem grunur er um mengun. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir töluverðu fiskeldi, því er mikilvægt að í töflu 33 í umhverfisskýrslu að meta umhverfisáhrif fráveitulagna frá eldisstarfsemi, þar sem skoðað er áhrif á fjöru, ásynd o.s.frv.

Iðnaðarsvæði II er stækkað í tillögunni og þar af leiðandi, að mati stofnunarinnar rýrir það verndargildi útivistarsvæðisins Hafnarnes (OP1) sem er á náttúruminjaskrá, en svæðið nær vestur að Flesjum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að leitað sé leiða til að endurheimta verndargildi svæðisins eins og hægt er og skilgreina til að mynda gönguleiðir um útivistarsvæðið, m.a. á þéttbýlisupprætti.

Hafnarsvæði

Í greinargerðinni kemur fram að gert er ráð fyrir verulegri stækkun hafnarinnar með lengingu á Suðurvarnargarði og nýjum varnargarði og viðlegukanti í Skötubót.

Í greinargerð kemur fram hver sé stærð hafnarsvæðanna í ha, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að það komi fram hver áætluð efnisþörf (í m³) landfyllingar og varnargarða muni verða.

Miðað við ofangreindar upplýsingar verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til varps í hafið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um leyfi til varps í hafið, þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.⁸ Í umsókninni þarf m.a. að koma fram stærð garðanna í m³ og hvers konar efni verður notað í varnargarðana (kornastærð).

Umhverfisstofnun bendir á að aukin skipaumferð um höfnina gæti haft neikvæð áhrif á sellátur landsels austan og vestan Þorlákshafnar. Sérstaklega þegar selirnir eru að kæpa (maí-júní). Staðsetning selláttra má nálgast í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://selalatur.ni.is/>).

Samgöngur

Í stefnu sveitarfélagsins, varðandi samgöngur á bls. 65, eru lagðar fram jákvæðar hugmyndir til að draga úr útblæstri og losun gróðurhúsalofttegunda, að draga úr hættu á

⁸ https://www.usf.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%3fb0beinandi%20reglur%20um%20me%3fb0fer%3fb0%20d%3bdpkunarefnis_okt2019.pdf

akstri utan vega á afréttarsvæðum og að draga sem mest úr hljóðvistaráhrifum vegakerfisins, s.s. með hljóðmönnum.

Umhverfisstofnun bendir á að þar þarf að setja fram stefnu um að uppbygging samgöngumannvirkja raski ekki viðkvæmri náttúru með verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki mið af ákvæðum náttúruverndarlaga og sett sé sú stefna að ávallt sé valin veglína/vegstæði sem rýri ekki eða raski votlendi, hrauni og öðrum náttúruminum.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun hefur átt gott samráð við sveitarfélagið varðandi vegaskrá, en þeirri vinnu er ekki lokið. Í forsendum á bls. 63 er fjallað um vegaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að vegaskrá er háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í greinargerð tillögunnar segir: „*en umferð er ávallt háð heimild landeiganda og/eða veghaldara.*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þetta sér skýrt nánar í tillögunni. Í 5. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga segir: „*Almenningi er frjáls för um vegi ...¹⁾ þar sem akstur er heimill samkvæmt [skrá yfir vegi í náttúru Íslands],²⁾ sbr. 32. gr., með þeim takmörkunum og skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum og í vegalögum, og reglugerðum settum eftir þeim.*

Í tillögunni á bls. 60 segir að skilgreindar verði leiðir fyrir skráð vél- og fjórhjól í samvinnu við nágrennasveitarfélög og hagsmunaaðila. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreindar leiðir fyrir vélknúin ökutæki ættu að vera innan sérstakra svæða eins og íþróttasvæða og/eða í vegaskrá.

Á bls. 69 tillögunnar er notað orðið slóðaskrá, en réttara væri að nota orðið vegaskrá.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur